

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vídalínssjóð Skálholtsskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vídalínssjóður Skálholtsskóla, stofnaður 19. nóvember 1995, til minningar um einn áhrifamesta prédikara á íslenskri tungu fyrr og síðar, Jón biskup Vídalín, biskup í Skálholti.

Stofnendur eru síra Jónas Gíslason vígslubiskup og Leifur Agnarsson, framkvæmdastjóri Kassagerðarinnar. Sá fyrrnefndi gaf sjóðnum handrit hugvekjubókar sinnar: „Hver dagur nýr“ og annaðist sölu bókarinnar, en sá síðarnefndi greiddi allan kostnað af útgáfu hennar. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.500.000 auk óseldra eintaka af bókinni. Stofnfé skal ekki skerða. Helmingur fjármagnstekna skal lagður við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu kristinnar prédikunar í íslensku kirkjunni, með því m.a. að hvetja til og styrkja námskeið og/eða ráðstefnuhald í Skálholti í prédikunarfræðum í samráði og samvinnu við guðfræðideild Háskóla Íslands og Guðfræðistofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa vígslubiskupinn í Skálholti, rektor Skálholtsskóla og forstöðumaður Guðfræðistofnunar auk stofnenda. Síra Jónas Gíslason er formaður sjóðstjórnar, meðan hann óskar þess, en síðan taki vígslubiskup við formennsku sjóðsins. Að stofnendum látnum geta erfingjar hvors þeirra um sig skipað mann í sjóðstjórn, ef þeir óska þess, en að öðrum kosti skipa hinir þrír stjórn sjóðsins.

6. gr.

Rektor Skálholtsskóla annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Skálholtsskóla á hverjum tíma.

7. gr.

Leitað skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.